

Þróunarsjóður innflytjendamála

Development Fund for Immigration Issues

Heiti verkefnis: Þátttaka múslimskra innflytjendakvenna á íslenskum vinnumarkaði: Hvatar og hindranir

Nafn styrkþega: Fayrouz Nouh

Útdráttur: Fyrri rannsóknir sýna að innflytjendakonur sem eru múslimar standa oft frammi fyrir áskorunum á vinnumarkaði vestrænna landa. Í þessari rannsókn er stuðst við þverlæg (intersectional) fræðileg sjónarhorn og kenningar um mannauð, félagsauð og menningarauð til að kanna reynslu þessara kvenna af atvinnuþátttöku á Íslandi.

Þrátt fyrir hátt atvinnuþátttökuhlutfall kvenna á Íslandi og orðspor landsins hvað varðar kynjajafnrétti er óljóst hvort þessir þættir skili sér í raunverulegri valdeflingu fyrir þennan hóp.

Byggt á eigindlegum gögnum úr hálfstöðluðum, ítarlegum viðtölum og rýnihópum sýnir rannsóknin að sýnileg trúarleg sjálfsmýnd getur skapað verulegar hindranir. Þótt stefna um kynjajafnrétti sé framsækin nær hún ekki að fullu að takast á við mismunun og menningarlega hlutdrægni, sem takmarkar fulla þátttöku.

Rannsóknin sýnir jafnframt að fjárhagslegt sjálfstæði í gegnum atvinnu gerir konum kleift að ögra hefðbundnum kynhlutverkum og semja um jafnari skiptingu ábyrgðar innan heimilisins. Þrátt fyrir það er valdefling þeirra enn takmörkuð af menningarlegum og trúarlegum hindrunum.

Niðurstöður benda einnig til mismunar í stofnanalegum stuðningi, þar sem flóttakonur fá meiri kerfisbundinn stuðning en aðrir hópar innflytjenda.

Að lokum bendir rannsóknin til þess að árangursrík og inngildandi þátttaka á vinnumarkaði krefjist:

- betri viðurkenningar á erlendu námi,
- aukins aðgangs að stuðningi við atvinnuleit,
- og aukinnar menningarlegrar hæfni á vinnustöðum og við mótun stefnu.

Rannsóknin leggur þannig sitt af mörkum til víðari umræðu um kyn, fólksflutninga og aðlögun minnihlutahópa í norrænu samhengi.

Project title: The inclusion of Muslim immigrant women to the Icelandic labour market: Tailwinds and hindrances

Name of Grantee: Fayrouz Nouh

Abstract: Previous research shows that Muslim immigrant women often face employment challenges in Western labour markets. This study applies intersectional frameworks and theories of human, social and cultural capital to explore the employment experiences of Muslim immigrant women in Iceland. Despite high employment rate among women in Iceland and reputation of gender equality, it remains unclear whether these factors translate into meaningful empowerment for this group. Drawing on qualitative data from semistructured, in-depth interviews and focus groups, the study reveals that visible religious identity contributes to substantial obstacles. Gender equality policies, while progressive, fall short of addressing discrimination and cultural bias, limiting full inclusion. The study demonstrates that financial independence through employment enables women to challenge traditional gender norms and negotiate more balanced household responsibilities. However, their empowerment remains constrained by cultural and religious obstacles. Findings also highlight disparities in institutional support, with refugee women receiving more structural assistance than other immigrant groups. The study concludes that inclusive labour market integration requires improved recognition of foreign qualifications, expanded access to employment support and enhanced cultural competence in workplaces and policy design. This research contributes to broader discussions on gender, migration, and minority integration in Nordic contexts.